

Mikilvægt er að góð samvinna takist í byrjun skólagöngu á milli foreldra og starfsfólks.

Barnið þarf að fá góðan tíma til að kynnast deildinni sinni, umhverfinu, starfsfólkinu og barnahópnum.

Nauðsynlegt er að foreldri, annað eða bæði dvelji með barninu fyrstu dagana og kynnist þannig starfsemi leikskólans.

Með góðri aðlögun er lagður hornsteinn að öryggi og vellíðan barnsins og samstarfi heimilis og leikskóla.

Aðlögun fer alltaf eftir hverju og einu barni og er þessi áætlun viðmið en ekki regla – Aðlögunin getur bæði tekið lengri og skemmri tíma allt eftir einstaklingunum og hafa ber það í huga.

Nafn barns: \_\_\_\_\_

Nafn lykilpersónu: \_\_\_\_\_ Til vara: \_\_\_\_\_

Dagur 1 \_\_\_\_\_ Frá kl: 9.30-10.30

Barn og foreldrar koma í fyrstu heimsókn. Lykilpersóna og/eða deildarstjóri tekur á móti ykkur og kynnir starfsfólk deildarinnar og væntanlega samnemendur. Deildin og skólinn er skoðaður sem og útisvæði. Foreldrar eru með barninu allan tímann.

Dagur 2 \_\_\_\_\_ Frá kl: 09.00-11.00

Foreldrar eru með barninu en bregða sér frá ef hægt er ( t.d. á kaffistofu starfsfólks)

Dagur 3 \_\_\_\_\_ Frá kl: 08.30- \_\_\_\_\_

Foreldrar eru með barninu í byrjun - borða morgunmat með því en fara svo út af deildinni (hvort sem er í kaffistofu starfsfólks eða úr skólanum). Barnið borðar hádegismat og fer síðan heim.

Dagur 4 \_\_\_\_\_ Frá kl: 08.00- \_\_\_\_\_

Foreldrar fara stuttu eftir að komið er í leikskólann og barnið borðar eitt morgunmat. Barnið borðar hádegismat og er í hvíldinni. Hringt verður í foreldra þegar barnið vaknar

Dagur 5 \_\_\_\_\_ Frá kl: \_\_\_\_\_-14.00

Foreldrar fara stuttu eftir að komið er í leikskólann og koma aftur að lokinni hvíld og síðdegishressingu.

Dagur 6 \_\_\_\_\_ Frá kl: \_\_\_\_\_ - \_\_\_\_\_

Foreldrar fara stuttu eftir að komið er í leikskólann og nú dvelur barnið sinn dvalartíma. Gott er að barnið sé sótt í fyrra lagi fyrstu dagana ef hægt er að koma því við.

---